


Bæjarráð Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6.



Umsögn. Hverfisgata 12 umsókn um lóð.

Með umsókn dags. 14.08.2019, óskar Sveinn Alfreðsson eftir úthlutun á lóðinni að Hverfisgötu 12. Samkvæmt umsókn kemur fram að fyrirhugað er að flytja Hendrikshús frá Strandgötu 17 á umrædda lóð.

Samkvæmt gildandi skipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001 er gert ráð fyrir að núverandi mannvirki á lóð viki komi til uppbyggingar.



Hlutamynd úr gildandi deiliskipulagi frá 2001.

-  Hús viki
-  Núv. hús sem víkur ef nýtt verður byggt

Í greinagerð deiliskipulagsins segir jafnframt:

“Einnar hæðar hús (1916) á lóð nr. 17 viki. Heimil er nybygging tveggja hæða Þjónustuhúss með portbyggðu risi á lóðmi enda viki þá einnar hæðar hús á lóð (17b) (1893). Hönnun skal fela í sér áherslu á norð-vestur horn byggingarreits, mikilvregt horn í bæjarmyndinni.”



HAFNARFJÖRÐUR

Í gildandi deiliskiðpulagi fyrir "Miðbæ Hraun vestur" segir um lóðina Hverfisgata 12:

Hverfisgata 12. Ný lóð fyrir nýbyggingu eða flutningshús með steiptum kjallara. Húsið skal staðsett innan byggingarreits hámarksgrunnflötur 70 m². Hámarksvegg hæð frá gólfkóta við götu er 320 sm, þakhalli 37°-45°. Lengd kvista má samanlagt ekki vera nema 50% af lengd langveggjar. Húsið skal vera klætt að utan með bárujámni eða timbri.

Í bréfi frá Minjastofnun Íslands dags. 28.07.2019 kemur fram að fluttningur Strandgötu 17 var til umfjöllunar, en þar segir m.a:

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi hjá Minjastofnun þann 6. júlí síðastliðinn. Að mati stofnunarinnar gildir sú meginregla að gömul hús beri að varðveita á sínum upprunastað. Aðstæður í nánasta umhverfi og áherslur í skipulagi geta þó valdið því að framtíðarvarðveisla húss sé betur tryggð með flutningi þess á annan stað. Rök fyrir flutningi hússins eru m.a. þau að það njóti sín betur í skipulagi innan um önnur eldri hús, en á núverandi stað, í návígi við stórar opinberar byggingar. Stofnunin telur rétt að skoða tillögur eigenda með opnum huga, enda sé tryggt að húsið verði gert upp á nýjum stað, að viðunandi lóð finnist þar sem það sómir sér vel í götumynd innan um sambærileg hús og að stuðningur bæjaryfirvalda í Hafnarfirði liggja fyrir varðandi þessa ráðagerð. Að þessu gefnu leggst Minjastofnun Íslands ekki gegn áformum um flutning hússins.

Með vísan í ofangreint, og þar með talið heimild til niðurrifs í gildandi deiliskipulagi frá 2001, einnig gildistöku laga um menningarminjar frá 2012, er það mat undirritaðs að lóðin Hverfisgata 12 er góður kostur fyri Hendrikshús bæði frá sögulegu sem og arkitektónísku sjónarmiði.

Virðingarfyllst

Þormóður Sveinsson
Skipulagsfulltrúi.